

## 232. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar,

mánudaginn 13. maí 2019.

Mættir:

Stjórnarmenn: Dagbjört Pálsdóttir formaður, Ásgeir Örn Blöndal, Katrín Sigurjónsdóttir, Valtýr Hreiðarsson og Þröstur Friðfinnsson.

Starfsmenn: Sigmundur Einar Ófeigsson framkvæmdastjóri og Baldvin Valdemarsson (ritaði fundargerð).

---

Formaður setti fundinn kl. 14.00 og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Undirritun fundargerðar nr. 231.

Fundargerð síðasta fundar undirrituð án athugasemda.

### 2. Eyþing.

Sameiningarmál eru ofarlega á baugi í fundargerðum Eyþings. Formaður greindi frá stöðu sameiningarmála, vinnu samráðshóps og samningagerð við ráðgjafa um sameiningarferlið. Samið verður við ráðgjafafyrirtækið Strategiu, Helgu Hlín Hákonardóttur.

### 3. Ársuppgjör og undirbúningur aðalfundar.

Framkvæmdastjóri fór yfir ársreikning síðasta árs sem er umtalsvert betra en áætlanir gerðu ráð fyrir. Launakostnaður lækkaði nokkuð vegna færri starfsmanna og reynt var að draga úr öðrum kostnaði og kemur þetta tvennt fram í uppgjörinu. Félagið er gert upp með ríflega 7,1 m.kr. hagnaði og hefur þá eigið fé verið byggt upp og er þannig sterkara og getur tekist á við verkefni sem krefjast fjárútláta án þess að þurfa að kalla eftir framlagi eigenda. Áritun endurskoðenda er án athugasemda. Stjórnin undirritaði ársreikninginn. Rætt um dagsetningu aðalfundar og tillögur. Helst er litið til fimmtudagsins 6. júní n.k. Stjórnin hittist kl 14:00 og aðalfundurinn verði kl 15:00. Lagt verður til að stjórnarlaun verði skv. reglum Akureyrarbæjar og að hagnaður verði færður á óráðstafað eigið fé. Tillaga um næstu stjórn. Fulltrúar í næstu stjórn koma frá Akureyri, Dalvíkurbyggð Svalbarðsstrandahreppi og Eyjafjarðarsveit. Tillaga um framlög. Lagt verður til að framlög aðildarsveitarfélaga verði kr.1.775,- á hvern íbúa.

### 4. Fiskeldismál.

Undir þessum lið mætti á fundinn Arnar Jónannesson sérfræðingur hjá RHA og fór yfir helstu niðurstöður úr könnun sem RHA framkvæmdi um viðhorf íbúa Eyjafjarðarsvæðisins til laxeldis í sjókvíum. Um var að ræða netkönnun, hún var hluti af spurningavagni, þrjár spurningar þar af ein opin spurning. Helsta niðurstaða könnunarinnar er að Eyfirðingar vilja fara varlega í fisleldismálum.

### 5. GáF ehf.

GáF er einkahlutafélag að jöfnu í eigu AB og AFE. Engin starfsemi hefur verið í félaginu síðustu ár. Tillaga liggur nú fyrir að breyta tilgangi og samþykktum félagsins þannig að það verð notað til að halda utan um virðisaukaskattskilda starfsemi Aurora Observatory. Það er sá hluti starfseminnar sem er opin almenningi, rekstur gestastofu og önnur vsk. skyld starfsemi. Stjórnin telur ekki heppilegt að þetta félag verði nýtt í þessum tilgangi. Tillagan var því ekki samþykkt. Auk þess telur stjórnin að það sé ekki hlutverk AFE að taka þátt í rekstri af þessu tagi.

## 6. Verkefni.

Framkvæmdastjóri fór yfir nokkur verkefni m.a. störf án staðsetningar, skýrslu vegna gagnaverslóða, skoðunarferð vegna laxeldis og tæknisetur á Akureyri.

## 7. Önnur mál

Farið yfir tilhögun bankaviðskipta og hugsanlegar áherslubreytingar. Stjórnin veitir framkvæmdastjóra heimild til að nýta örugga skammtímasjóði til að ávaxta laust fjármagn.

Rætt um og farið yfir raforkuþörf og raforkuflutninga á landinu.

Félaginu hefur borist erindi frá Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélagi Íslands, þar sem óskað er eftir tilnefningu fulltrúa í stjórn félagsins.

Stjórnin samþykkir að tilnefna Snorra Finnlaugsson.

Fleira ekki fært til bókar.

**Fundi slitið kl. 16:10**

*Dagbjörg Þorvaldsson*  
*Jatnir Sigurjónsdóttir*  
*[Signature]*  
*[Signature]*

*Sigmundur Einar Sveinsson*